

Þingeyjarsveit (Skútustaðahreppur)
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Selfoss, 23.11.2023
UST202302-170/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 19. September 2023 - Þingeyjarsveit, Kollóttalda á Hólasandi

Þann 19. September sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Þingeyjarsveitar við Kollóttuöldu á Hólasandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Umhverfisstofnun samþykkti þann 19. október árið 2022 úrbótaáætlun vegna fráviks í eftirliti sama ár og varðaði fráviknið að óvirkum úrgangi hafði verið komið fyrir á urðunarstaðnum. Í þeirri áætlun kom fram að rekstraraðili hugðist fjarlægja úrganginn og koma honum í viðeigandi farveg til förgunar. Var áætlað að þeirri framkvæmd yrði lokið fyrir lok maí 2023. Við eftirlit nú kom fram að óvirki úrgangurinn er þar enn. Úrbætur vegna fráviksins hafa því ekki gengið eftir og telst fráviknið því opið þar til búið er að ráðstafa úrganginum í réttan farveg.

Hefur rekstraraðili sótt um niðurfellingu starfsleyfis og fylgir skýrslunni leiðbeiningar fyrir lokunaráætlun fyrir urðunarstaðinn.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.6 í starfsleyfi. Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðar líkur, skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðar skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur. Slík áætlun liggur ekki fyrir.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. desember 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur